



Heilbrigðisráðuneytið
Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík.

Reykjavík, 1. febrúar 2021

Efni: Mótmæli Félags sjúkraþjálffara vegna nýrra viðbótarskilyrða í reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna sjálfstætt starfandi sjúkraþjálffara.

Félag Sjúkraþjálffara (FS) mótmælir harðlega þeim viðbótarskilyrðum sem sett voru í nýrri reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna sjálfstætt starfandi sjúkraþjálffara. Breytingin var undirrituð 16. desember 2020 og gerir endurgreiðslu kostnaðar háðar eftirfarandi skilyrði:

„Skilyrði er að sjúkraþjálffarinn hafi starfað í að minnsta kosti tvö ár sem sjúkraþjálffari, í að minnsta kosti 80% starfshlutfalli, eftir löggildingu.”

Breyting felur í sér viðbótarskilyrði sem hafa aldrei áður gilt um starfsemi sjúkraþjálffara, hvorki samkvæmt lögum né rammSAMningi. Þá er breytingin í andstöðu við lög og stjórnarskrá. Ekkert samráð var við FS um breytinguna og er þessi breyting enn eitt dæmið um skyndileg, illa ígrunduð og ólögmat inngríp stjórnvalda í starfsemi sjúkraþjálffara.

Auk þess að mótmæla harðlega þessari nýjustu breytingu óskar FS eftir því að ráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) láti af síendurteknum aðförum að starfsréttindum og starfsemi sjúkraþjálffara. Framganga stjórnvalda í garð sjúkraþjálffara undanfarin tvö ár hefur gert þeim erfitt fyrir að sinna starfi sínu og bitnað á notendum þjónustunnar.

Hið nýja skilyrði gerir ungu mjög fólki erfitt að komast að í stéttinni. Það er vægast sagt umhugsunarvert að íslenska ríkið komi fram með þessum gætti gagnvart ungu heilbrigðisstarfsfólki. Skilyrðið bitnar verst á ungum foreldrum enda munu barneignir gera þeim mjög erfitt fyrir að uppfylla hin nýju skilyrði.

Útilokun yngri starfsmanna mun minnka eða jafnvel loka fyrir nýliðun og þannig auka á biðlista sem nú þegar eru talsvert langir. Þá mun skilyrðið bitna illa á þjónustu á landsbyggðinni sem reiðir sig mikið á nýútskrifaða sjúkraþjálffara.



Frá árslokum 2019 hefur verið í gildi reglugerð nr. 1364/2019 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands (hér eftir reglugerð nr. 1364/2019). Reglugerðin hefur frá upphafi átt við um þjónustu allra sjúkraþjálfara sem reka eigin starfsemi utan sjúkrahúss þegar þeir veita þjónustu einstaklingum sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Fram að gildistöku reglugerðarinnar hafði um árabíl verið það eina hæfnisskilyrði að sjúkraþjálfari hefði löggildingu. Hin nýju skilyrði eru ólögsmæt eins og rakið er í meðfylgjandi minnisblaði MAGNA lögmannsstofu sem unnið var að beiðni FS.

Þá verður einnig að líta til forsögu málsins, þ.e. tilraunir stjórnvalda til þess að koma á nýju fyrirkomulagi vegna þjónustu sjúkraþjálfara á starfsstofum. Þær tilraunir hófust fyrir um tveimur árum síðan, þ.e. á fyrri hluta árs 2019.

Rétt er að taka fram að þau atriði sem FS hefur á framangreindu tímabili gert athugasemdir við eru ekki léttvæg. Sjúkraþjálfarar hafa nú í um tvö ár þurft að búa við það að stjórnvöld sem fara með málaflokkinn hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að kollvarpa fyrirkomulagi greiðsluþátttöku vegna sjúkraþjálfunar. Ekkert samráð hefur verið haft við sjúkraþjálfara eða félag þeirra og fyrirhugaðar breytingar hafa oft og tíðum verið í andstöðu við lög. Tilkynnt hefur verið um gríðarmiklar breytingar á fyrirkomulagi með litlum sem engum fyrirvara og að því er virðist lítið sem ekkert tillit tekið til starfsöryggis eða réttinda sjúkraþjálfara.

Félag sjúkraþjálfara gerir að sjálfsögðu ekki athugasemdir við að gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi endurgreiðslna. Aftur á móti gerir félagið þá sjálfsögðu kröfu að haft sé samráð við sjúkraþjálfara um mögulegar breytingar og að skilyrði setji ekki atvinnuöryggi sjúkraþjálfara í skyndilegt uppnám. Síðast en ekki síst verður að huga að hagsmunum notenda þjónustunnar.

Af einhverjum orsökum hafa stjórnvöld á undanförunum tveimur árum valið að hafa lítið sem ekkert samráð við FS. Þess í stað hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til skyndilegra breytinga sem myndu kollvarpa starfsemi sjúkraþjálfara. Óþarfi er að rekja þá sögu í heild sinni enda er ráðherra kunnugt um hana úr fyrri bréfum. Rétt er þó að minna á framkomu í garð sjúkraþjálfara undanfarna mánuði:

Haustið 2020 sendu SÍ skyndilega og án alls samráðs bréf til valinna fyrirtækja sem veita sjúkraþjálfun. Með bréfunum var móttakendum boðið til „viðræðna um mögulegan samning“ án frekari upplýsinga eða skýringa. Enn og aftur þurfti FS að spyrna við fótum og mótmæla þeirri mismunun sem fólst í því að senda bréfin einungis á sum fyrirtæki, en ekki öll og ekki á einstaklinga. Þá var einnig beint nokkrum spurningum til SÍ og bent á ýmis önnur atriði sem voru ólögsmæt og/eða fólu í sér óvandaða stjórnsýsluhætti. Í svarbréfi SÍ var vikist undan því að veita fullnægjandi svör eða skýringar við helstu spurningum og athugasemdum FS. Í kjölfar alls þessa vakti FS athygli ráðuneytisins á framferði SÍ og beindi sömuleiðis athugasemdum og spurningum til ráðneysisins.



Borgartúni 6 – 105 Reykjavík

Þann 1. nóvember 2020 var skyndilega og án samráðs gerð sú breyting að afnumin var heimild sjúkratryggðra til að leita aðstoðar sjúkraþjálffara í allt að 6 skipti án aðkomu læknis. Félag sjúkraþjálffara, Félag heimilislækna og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins mótmæltu þessari ráðstöfun ráðherra, þar sem engin fagleg rök lágu að baki breytingunni, óhagræðið var mikið fyrir skjólstæðingana og aukið álag var lagt á heilsugæslu í miðjum Covid-faraldri. Ráðherra hefur hvorki rökstutt né endurskoðað ákvörðun sína.

Um áratuga skeið voru skilmálar samninga og síðar rammasamnings milli ríkisins og sjúkraþjálffara ákveðnir í samstarfi við FS og samninganefnd sjúkraþjálffara. Eftir að SÍ neitaði að endurnýja samninga árið 2019 hafa samskipti þessara aðila farið hríðversnandi. Nú er svo komið að skilyrði starfseminnar ráðast fyrst og fremst af einhliða, tilviljunarkenndum og illa ígrunduðum ákvörðunum ráðuneytis eða SÍ.

Á undanförunum tveimur árum hefur FS gert tilraunir til þess að eiga samstarf og samtál með SÍ og ráðuneytinu. Því miður hefur slíkum óskum oftast verið tekið fálega. Síðasta haust var þó haldinn einn óformlegur fundur auk þess sem formaður FS átti ítarlegt samtál við aðstoðarmann ráðherra. Ljóst er að ástand vegna heimsfaraldurs hefur tafið mjög fyrir samtali aðila.

Því kom það sjúkraþjálffurum enn og aftur í opna skjöldu þegar tilkynnt var með nokkurra daga fyrirvara um verulega íþyngjandi breytingar á skilyrðum endurgreiðslu.

Eins og áður segir vonar FS að látið verði af þeim stjórnsýsluháttum að setja starfsemi sjúkraþjálffara reglulega í uppnám. Félagið óskar enn og aftur eftir því að fá að koma að mótun á reglum um endurgreiðslu vegna sjúkraþjálffunar utan sjúkrahúsa/stofnana með eðlilegum samskiptum.

Félag sjúkraþjálffara fer hér með fram á að umrætt skilyrði reglugerðar um 2 ára starfsreynslu í 80% starfshlutfalli verði afnumið. Svar óskast.

Virðingarfyllst

Unnur Pétursdóttir
formaður Félags sjúkraþjálffara

Afrit:

Sjúkratryggingar Íslands
María Heimisdóttir / Baldvin Hafsteinsson

Ásta Valdimarsdóttir, ráðuneytisstjóri Heilbrigðisráðuneyti
Birgir Jakobsson, aðstoðarmaður Heilbrigðisráðherra
Velferðarnefnd Alþingis